



Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 8. febrúar 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá Jónasi Skaftasyni Blöndubbyggð 9 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp auglýsingarskilti fyrir gistiheimilið á horni Ólafsbyggðar og Hnjúkabyggðar. Stærð skiltis yrði 1,00 x 0,50 m.

Afgreiðsla: Erindi frestað, þar til umsækjandi leggur fram rekstrarleyfi vegna rekstrar gistiheimilisins.

2. Erindi frá sýslumanninum á Blönduósi. Óskað er eftir umsögn vegna leyfis samkv. lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði. Þórir Heiðmar Jóhannsson f.h. Félags Harmonikkunnenda Húnv. hefur með bréfi sótt um leyfi til að reka einkasal og veitingastofu að Þverbraut 1 540 Blönduósi.

Afgreiðsla: Skipulags- og byggingarnefnd sér ekki ástæðu til að leggja gegn rekstri einkasals og veitingastofu á umræddum stað.

3. Drög að lóðabréfum vegna Aðalgötu 3a og 3b, samkv. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 29. desember sl.

Afgreiðsla: Lagt er til að gengið verði frá lóðabréfum í samræmi við fyrirbyggjandi drög.

4. Önnur mál.

- A.) Erindi frá Nesfrakt, sem sækir um breytingu á notkun atvinnuhúsnæðis að Efstubraut 1. (áður hús Særunar). Þar yrði rekin vöruafgreiðsla.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt með þeim fyrirvara annars vegar að fyrir liggja skriflegt samþykki eiganda húsnæðisins á umræddri breytingu á notkun. Hins vegar að fyrir liggja tilskilin leyfi fyrir rekstri vöruafgreiðslunnar.

- B.) Breyting á aðalskipulagi, samþykkt Umhverfiráðuneytis, lagt fram til kynningar. Byggingarfulltrúi kynnti staðfestingu Umhverfiráðherra dags. 27. janúar 2006 á svæði sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar.

- C.) Sjóvarnir í febrúar, framkvæmd Siglingamálastofnunar. Lagt fram til kynningar. Byggingarfulltrúi kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir í sjóvörnum á árinu, sem búið er að bjóða út, munu hefjast í febrúar og er áætlað að ljúki í maí.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið.

Anna Margrét Jónsdóttir

*Jón Sigurðsson, formaður
Ágúst Sigurðsson
Jakob Þór Guðmundsson
Gauti Jónsson
Ragnar Ingi Tómasson
Eyjólfur Þórarinnsson, byggingarfulltrúi
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri*